

**Sp.**

### **63. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um lokun áfengisverzlana ríkisins og afnám vinsöluleyfis veitingahúsa.

Frá Jóh. G. Möller.

Tillögugr. orðist svo:

Í tilefni af þeirri ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að loka áfengisverzlunum ríkisins og afnema vinsöluleyfi veitingahúsa vill Alþingi benda á, að eftir að sú ráðstöfun var gerð, hefur skapað slikt ófremdarástand í áfengismálum þjóðarinnar, að vart verður lengur við unað. Má þar til nefna aukið vinsmygl, aukna leynisölu smyglaðs vins, bruggun í stórum stíl, stórauðin kynni og viðskipti landsmanna og setuliðsins og neyzlu ýmissa óhollra og banvænna vökva, sem jafnvel hafa valdið mönnum aldurtíla. Skorar Alþingi því á ríkisstjórnina að taka nú þegar til rækilegrar athugunar, hvort eigi sé kleift, að landsmenn sjálfir eigi kost á löglegum drykkjum án þess að af því hljóti sú ómenning og þau lögbrot, sem fylgja núverandi ástandi í þessum málum. Beinir Alþingi því sérstaklega til ríkisstjórnarinnar að athuga, hvort eigi muni ráðlegt að taka upp sama eða áþekkt sölufyrirkomulag áfengra drykkja og var áður en nefndar ráðstafanir voru gerðar, en með strangara eftirliti, eða leyfa sölu ákveðinna léttra vintegunda og bruggun áfengs öls til sölu handa landsmönnum sjálfum.